

Einstaklingsáætlun – aðlagað námsefni/námsmat

Nafn nemanda: _____ Kt: _____

Nemandi vinnur eftir einstaklingsmiðaðri námsáætlun með aðlagað námsefni/námsmat í einu eða fleiri fögum.

Ákvörðun um að vinna eftir einstaklingsáætlun með aðlagað námsefni/námsmat er tekin með hliðsjón af frammistöðu nemandans í almennu námsefni. Ef nemandi hefur ekki náð tókum á hæfniviðmiðum sem lagt er upp með skv. aðalnámskrá grunnskóla þá getur aðlagað námsefni/námsmat hentað betur til að stuðla að framförum í námi.

Aðlagað námsefni/námsmat getur falið í sér:

- að nemandinn fer hægar yfir almennt námsefni en þá er ekki hægt að tryggja að hann nái að klára öll hæfniviðmið sem eru tengd við lok grunnskóla.
- að nemandi vinnur í öðru námsefni sem byggir betur á færni hans. Þá fær nemandinn sérstaka áætlun og markmið frá kennara til að vinna eftir.
- að nemandi fái að taka próf og styðjast við kennslubækur eða annað stuðningsefni í prófinu meðan aðrir nemendur fái það ekki

Það er nauðsynlegt að vita að þegar nemandi er með aðlagað námsefni þá fær hann svokallaða * merkta einkunn t.d. A* eða B* og gildir það líka við útskrift úr 10. bekk. Stjörnumerkt einkunn í námsgrein gefur til kynna að nemandinn hafi ekki náð að ljúka öllum lokamarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla í viðkomandi fagi.

Þar sem framhaldsskólinn er fyrir alla og fræðsluskylda til 18 ára aldurs komast allir nemendur í framhaldsnám. Nemendur sem útskrifast með aðlagað námsefni hefja þá nám á 1. þrepi, en námsbrautir á því þrepi heita oftast almennar námsbrautir.

Sama gildir um nemendur sem ekki vinna með aðlagað námsefni en útskrifast með D, C eða C+. Þeir hefja einnig nám á 1. þrepi þar sem hefðbundnar bóknáms-, list- og verknámsbrautir miða við að nemandi þurfi að útskrifast úr grunnskóla með B, B+ eða A. Þá er talað um að hann búi yfir hæfni sem þarf til að hefja nám á þessum brautum sem kallast 2. þrep.

Nemandinn mun vinna með aðlagað námsefni/námsmat í eftirfarandi greinum:

| Fag | Upphafsstafir foreldra | Dags |
|---|---------------------------|------|
| ___ Íslenska (<i>íslenska sem annað tungumál eða aðlagað með öðrum hætti</i>) | | |
| ___ Enska | | |
| ___ Danska – aðlagað ___ undanþága frá námi | | |
| ___ Náttúrufræði | | |
| ___ Samfélagsfræði | | |
| ___ Stærðfræði | | |

Allir sem málið varðar hafa kynnt sér vel hvað það merkir að vinna eftir einstaklingsmiðaðri áætlun með aðlagað námsefni.

Foreldri / forráðamaður

Umsjónarkennari

Skólastjóri